

Erindi til sveitarstjórnar Dalabyggðar, varðar fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og framtíð ferðaþjónustu í Dalabyggð

Jörva í Haukadal 26. október 2021

Kæra sveitarstjórnarfólk,

Mig langar að benda sveitarstjórninni á rafbílavæðingu í ferðaþjónustu, en langflestir ferðamenn sem dvelja í Dölunum eru á bílaleigubílum. Á næsta ári telja stærri bílaleigur að um 25% bílaflota þeirra verði rafbílar og þau svæði sem geta boðið bestu þjónustu á því sviði verða klárlega með tiltekið forskot sem áfangastaðir, umfram aðra.

Mig langar til að leggja til að framlag verði sett í uppbyggingu á hleðslustöðvum á völdum stöðum, til að auka möguleika á því að gestir staldri við í Dölunum og sjái þá sem góða perlu á leið sinni um landið. Til dæmis mætti kalla til samvinnu við þá aðila sem eru að byggja upp slíkar stöðvar á landinu, s.s. ON eða aðra aðila.

Mig langar að benda á að fleiri staðsetningar koma til greina, en alveg við veg 60, til dæmis á þeim stöðum sem ferðamenn stoppa til lengri eða skemmri tíma, s.s. á Laugum, Vínlandssetri og Eiríksstöðum svo einhverjir staðir séu nefndir. Þar sem Dalabyggð á bæði Eiríksstaði og Vínlandssetur liggur mjög beint við að sveitarfélagið skoði uppbyggingu á þeim stöðum.

Með von um góðar undirtektir,

Bjarnheiður Jóhannsdóttir

húsfreyja á Jörva